



Reykjavík, 23. júní 2021
R19110027

Sendandi: Fjölmenningarráð

Efni: Umsögn fjölmenningarráðs um Heilsuborgina Reykjavík - Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar til 2030

Almennt

Fjölmenningarráð fagnar því að Reykjavíkurborg setji sér metnaðarfulla stefnu um lýðheilsu sem leggur áherslu á jöfnuð, þátttöku allra og frið.

Ráðið tekur undir að þekking á viðkvæmum og jaðarsettum hópum þarf að aukast og þörfum þeirra þurfi að mæta með valdeflingu og í samráði við þau sjálf eins og fram kemur í stefnunni.

Í þriðja kaflanum um heilsu er nefnt að lýðheilsustarf þurfi að byggja á gögnum og reglulegum mælingum. Þetta telur ráðið vera mjög mikilvægt en bendir jafnframt á eftirfarandi:

Meðal helstu gagna sem liggja til grundvallar lýðheilsustefnunni er skv. viðaukanum skýrslan „Heilsa og líðan Íslendinga“. En sú nálgun gæti hugsanlega verið skökk þar sem gögn og mælingar sem liggja til grundvallar í þeirri skýrslu taka ekki til fólks sem ekki talar íslensku. Þetta er tekið fram í greiningu landlæknis „Ójöfnuður í heilsu á Íslandi. Ástæður og árangursríkar aðgerðir til úrbóta. Greining á gögnum rannsóknarinnar Heilsa og líðan Íslendinga“¹

Einnig má benda á að í aðgerðaráætluninni eru engar aðgerðir sem beina athygli að þessum hópi og þeim ójöfnuði sem er til staðar varðandi líðan og heilsu þeirra, sérstöðu aldraðra af erlendum uppruna og áhrif á heilsu og almenna þátttöku í þjónustu borgarinnar.

Innflytjendur eru fjölbreyttur hópur. Margir innflytjendur tala góða íslensku og tilheyra ekki viðkvæmum hópum. Ekki má samt gleyma því að þrátt fyrir það er oft lítið vitað um hlutdeild þeirra í þeim lífsgæðum sem borgin hefur fram að færa og um aðgengi að þeim aðgerðum og áherslum sem borgin stendur fyrir, hvort sem það er forvarnarstarf, heilsueflandi lífsstíll, öruggt húsnæði á öllum aldurskeiðum og annað sem hér er nefnt.

Varðandi aðgerðaáætlunina er jafnframt bent á eftirfarandi:

1.2 Innleiðing gátlista Heilsueflandi samfélags: Er gátlistinn aðgengilegur á öðrum tungumálum en íslensku?

1.3 Hugum að fyrstu árum barnsins: Hér er mikil áhersla lögð á að minnka starfsmannaveltu. Stór hluti starfsmanna á leikskólum er af erlendum uppruna. Hér þarf að stemma stigu við starfsmannaveltu t.d. með markvissri íslenskukennslu á vinnustaðnum.

¹ https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item46225/Ojofnudur_i_heilsu_LOK.pdf



Reykjavík, 23. júní 2021
R19110027

1.4 Byggjum grunn að bættri félagsfærni: Sama gildir fyrir starfsfólk frístundaheimila. Liggja fyrir greiningar á þátttöku ungmenna af erlendum uppruna í þessum aðgerðum?

1.6 Vinnustaðir Reykjavíkurborgar heilsueflandi fyrir 2025: Vefsíðan heilsueflandi.is er einungis á íslensku. Hvernig er þátttaka starfsmanna borgarinnar, sem ekki tala nægilega góða íslensku, tryggð. Er mæling á þátttöku innflytjenda?

1.7 Heilsuefling aldraðra og aldursvæn borg: liggja fyrir gögn um þátttöku eldri borgara af erlendum uppruna í heilsueflandi starfi og þarf e.t.v. að grípa til sértækra aðgerða? Þetta er sívaxandi hópur og bæði þekkingu á þörfum þeirra sem og yfirleitt tengslum við hópinn er ábótavant.

1.8 Fræðsluáttak um lýðheilsu og heilsulæsi: Er gert ráð fyrir fræðsluefni á öðrum tungumálum?

1.10 Mótun forvarnaráætlunar 2021-2025: Hér þarf að leggja sérstaka áherslu á forvarnir meðal barna og ungmenna af erlendum uppruna og að ná til foreldra þeirra. Það þýðir ekki einungis að birta upplýsingar um aðgerðir á erlendum tungumálum, heldur að gera frá byrjun ráð fyrir virkri þátttöku þeirra sem eru af erlendum uppruna, t.d. með því að ráða starfsfólk í vinnslu áætlunarinnar sem talar tungumál stærstu hópa á meðal innflytjenda og sem þekkja þarfir og menningu þeirra.

1.11 Aðgerðaráætlun um bættu líðan ungmenna: Hér þarf að beina athyglinni að því að skv. rannsókn² er líðan ungmenna af erlendum uppruna töluvert verri en annarra ungmenna.

1.12 Aðgerðaáætlun um bættu félagsfærni barna: Hér þarf að vera fókus á samstarf við foreldra af erlendum uppruna, fræðslu, stuðla að því að gera þeim kleift að taka þátt í lífi barnanna sinna og stuðla að íslenskunotkun foreldranna.

1.16 Framfylgd aðalskipulags og lýðheilsa: Ekkert er meira innflytjendamál en húsnæðismál. Bent er á skýrslur³ sem t.d. Hagstofan hefur birt sem sýna að aðgengi innflytjanda að öruggu og heilsusamlegu húsnæði er verulega ábótavant og fleiri innflytjendur eru í viðkvæmri stöðu á leigumarkaðnum. Greina þarf hvort munur er hjá þeim mælikvörðum sem nefnd eru hér hjá innflytjendum.

1.19 Virk þátttaka 16-25 ára ungmenna: Hér þarf fókus að vera á þennan hóp ungmenna af erlendum uppruna, sem sýnir töluvert minni þátttöku í félags- og íþróttastarfi og gífurlega háar brottfallstölur úr námi.

2.1 Rannsókn á félagslegu landslagi og greining viðkvæmra hópa í Reykjavík: Hér þarf að tryggja að rannsókn nái til innflytjenda. Gott væri hér eins og annars staðar að huga að rannsakendum sem hafa nauðsynlega þekkingu á menningu og tungumálum innflytjenda.

2.2 Rannsókn á ójöfnuði í heilsu eftir hverfum í Reykjavík: Sama gildir hér, nauðsynlegt er að nýta gögn eins og áður nefnt sérhefti Hagstofunnar. Er gert ráð fyrir þýðingarkostnað í þessari rannsókn?

2.4 Atvinnu- og virkniúrræði: Atvinnuleysi er töluvert hærra meðal innflytjenda, mikilvægt er að huga sérstaklega að þessum hópi og leggja áherslu á starfsþróun innflytjenda til að koma í veg fyrir að innflytjendur séu ávallt í viðkvæmustu og lægst launuðu störfum.

² <https://www.ruv.is/frett/vanlidanin-mest-medal-polskra-og-asiskra-ungmenna>

³ <https://hagstofa.is/utgafur/utgafa/lifskjor/felagsvisar-serhefti-um-innflytjendu/>



Reykjavík, 23. júní 2021
R19110027

2.5 Aðgerðir gegn einmanaleika – kortlagning og mótun aðgerðaáætlunar: Kostnaður er sagður innan fjárhagsramma, er gert ráð fyrir þýðingarkostnað til að ná til þeirra sem eru í mestu hættu á að einangrast vegna þess að þau tala ekki tungumál samfélagsins?

2.6 Frístundir í Breiðholti: Ráðið hefur fengið kynningu á verkefninu og fagnar framkvæmd þess. Jafnframt er bent á að nýta megi þekkingu úr þessu verkefni fyrir borgina í heild sinni.

2.7 Almannaþingarnir: Hér er algerlega nauðsynlegt að tryggja að upplýsingagjöf til þeirra sem ekki tala íslensku fari í skipulagðan farveg. Þýðingar og upplýsingaveita í covid voru að mörgu leyti til fyrirmyndar þegar ferlar fóru loksins í gang en ámælisvert var hversu seint brugðist var við í staðinn fyrir að hafa ferla og verklag eins og í öllum öðrum áskorunum

3.3 Heilsa og líðan eftir Covid - Starfshópur um greiningu gagna um heilsu og líðan: Hér þarf að minna á að rannsóknir⁴ hafa nú þegar sýnt fram að töluvert fleiri innflytjendur uppfylla viðmið um slæma andlega heilsu, samanborið við innfædda, þannig að hér þarf að veita þessum hóp sérstaka athygli.

3.4 Lýðheilsuvísar og mælaborð borgarbúa: Hér þarf í samræmi við persónuverndarsjónarmið að skoða mjög vel hvaða breytur er hægt að greina með tilliti til uppruna.

⁴ <https://www.ruv.is/frett/2021/06/07/andleg-heilsa-innflytjenda-slaem?fbclid=IwAR39vuGu8As6aR-9NbTBnm9SeSvWeZZpfs-6E-pUzu3FQaUn-SBSekn37Y>